



Menningarmiðstöð
Hornafjarðar

RANNSÓKNIR

Minjaskráning

Leiðarhöfði

Höfn í Hornafirði

Sigríður G. Björgvinsdóttir

Maí 2021



Efnisyfirlit

Myndaskrá:	ii
Töfluskrá:	ii
Inngangur	1
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	2
Leiðarhöfði	4
Staðhættir	4
Útræði frá Hornafirði	4
Uppsátur við Leiðarhöfða.	4
Samgöngur innan fjarða.....	5
Höfðahúsið.....	5
Verslun Einars Eiríkssonar	6
Fiskverkun h/f og Kaupfélag A-Skaftfellinga	6
Skráning.....	7
Samantekt og lokaorð	14
Heimildaskrá	155

Myndaskrá:

Mynd 1. Leiðarhöfði við Hornafjörð á Íslandskorti.	11
Mynd 2. Uppdráttur landmælingamanna frá 1903 af Hafnartanga.	4
Mynd 3. Leiðarhöfði 1930, ljósmynd Vigfús Sigurgeirsson	5
Mynd 4. Yfirlitskort af skráðum minjum á lóð við Leiðarhöfða.	7
Mynd 5. Höfðahúsið á Leiðarhöfða. Mynd Vigfús Sigurgeirsson	8
Mynd 6 a & b. Naustin norðvestan í Leiðarhöfða	9
Mynd 7. Fiskverkunarhúsin á Leiðarhöfða, mynd úr safni Kaupfélags Austur-Skaftfellinga.	10
Mynd 8. Uppsátur báta í Höfðavík 1946.	11
Mynd 9. Horft af Leiðarhöfða austur yfir byggðina 1939.	12
Mynd 10 a & b. Leiðarhöfði 1970 og apríl 2021	13

Töfluskrá:

Tafla 1. Verkefni 2663, samantekt skráðra minja á lóð við Leiðarhöfða á Höfn í Hornafirði	14
---	----

*Mynd á forsíðu: Höfðahúsið á Leiðarhöfða 1939, ljósmyndari Vigfús Sigurgeirsson.


Inngangur

Syðsti tangi í fyrrum landi jarðarinnar Hafnarnes í Hornafirði nefnist Hafnartangi (mynd 1). Vestast á tanganum er hár kletthöfði, grasi gróinn og kallast Leiðarhöfði. Svæðið á og við Leiðarhöfða á sér sögu frá því fyrir upphaf byggðar í verslunarplássinu við Hafnarvík austar á Hafnartanga, rétt fyrir aldamótin 1900.

Á meðan Nesjabændur stunduðu árabátaútgerð um Hornafjarðarós frá seinni hluta nítjándu aldar og fram að vélbátavæðingu Hornfirðinga um 1920, höfðu bændur uppsátur fyrir báta sína við sendna ströndina, norðanvert við Leiðarhöfða.

Árið 1906 reis fyrsta mannvirkið á Leiðarhöfðalóð, íbúðar- og verslunarhús og gekk það undir nafninu Höfðahúsið. Það var þriðja húsið sem reist var á Hafnartanga og það fyrsta utan verslunarlóðar Otto Tulinius við Hafnarvík. Eigendaskipti urðu fljótlega að lóð og húsum, og í áranna rás gegndi húsið ýmsum hlutverkum, m.a. sem lækna-setur, skólabygging og síðast sem fiskverkunarhús. Öll mannvirki sem staðið hafa á lóðinni frá 1906 og fram á seinni hluta 20. aldar hafa verið fjarlægð. Sveitarfélagið Hornafjörður er eigandi lóðar við Leiðarhöfða og hyggst fara í hönnunarsamkeppni um nýtingu hennar til framtíðar.

Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins var lóðin tekin út með tilliti til fornminja eins og lög gera ráð fyrir.¹ Farið var á vettvang 14. apríl 2021 og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sýnilegar minjar voru staðsettar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Skráning, úrvinnsla og skýrslugerð var framkvæmd af Sigríði G. Björgvinsdóttur náttúrulandfræðingi hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar.



Mynd 1. Staðsetning Leiðarhöfða við Hornafjörð, hér sýnd með rauðum punkti á Íslandskorti. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands. Kortagerð: SGB, 2021.

¹ Lög um menningarminjar nr.80/2012

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands.

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja er metið út frá flokkun Minjastofnunar um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í vegghæð og -breidd ásamt mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hnattstaða er mæld í miðju hvers minjastaðar. Ef eingöngu er um heimild eða frásögn um minjar að ræða, er áætluð staðsetning þeirra grundvölluð á upplýsingum með 20-50 m óvissu.

Leiðarhöfði

Staðhættir

Syðsti tangi í fyrrum landi Hafnarnessjarðar nefnist Hafnartangi. Vestast á tunganum er hár kletthöfði, grasi gróinn og kallast Leiðarhöfði (sjá mynd 2). Höfðanum hallar til lands í norðaustur en brattir klettaveggir snúa mót suðri og suðvestri við fjörðinn. Strandlengjan til austurs frá Leiðarhöfða, svonefnd Höfðaströnd er klettótt mót firðinum en sendin inn til lands í norðvestri.



Mynd 2. Skjáskot af uppdrætti landmælingamanna frá 1903 af Hafnartanga syðst í landi Hafnarness. Leiðarhöfðinn er vestasti hluti tangans, hér merktur með bókstafnum h. Heimild: Landmælingar Íslands, söguleg gögn.

Útræði frá Hornafirði

Lítið er vitað um að bændur í Nesjahreppi hafi nýtt Hornafjarðarós til útræðis fyrr en seint á 19. öld.² Aðal útróðrarhöfnin var við Horn allt fram til 1871. Í sóknarlýsingum 1873 er Hornshöfn lýst sem illri og áhættusamri og lagðist útróður þaðan af um tíma sökum brims og sandgrynninga.³ Einnig réru bændur frá Skinneyjarhöfða við strönd Mýra.⁴ Frá 1887 til 1890 var a.m.k. fjórum sexæringum frá Nesjahreppi haldið úti við Hornafjarðarós.⁵ Bátar voru kenndir við bæi sína, Hoffells-, Meðalfells-, Dilksness- og Hafnarnessbátur.⁶ Talið er að með tilkomu verslunar Otto Tulíníus við Hafnarvíkina og skipakomum til Hornafjarðar tengdum verslunarrekstrinum, hafi menn farið að gefa Hornafjarðarós meiri gaum.⁷ Upp úr aldamótum 1900 fóru bændur í Nesjahreppi fyrir alvöru að róa bátum sínum um ósinn.⁸

Uppsátur við Leiðarhöfða.

Á sléttlendi norðvestan í Leiðarhöfða var uppsátur róðrabáta á meðan arabátaútvægur var stundaður frá Hornafirði.⁹ Heimildir eru fyrir 3-4 naustum við höfðann. Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir:

² Gísli Björnsson 1976, bls. 198-199

³ Bergur Jónsson 1997, bls.89

⁴ Gísli Björnsson 1976, bls. 198

⁵ Gísli Björnsson 1976, bls. 200

⁶ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 62

⁷ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 61

⁸ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 62

⁹ Gísli Björnsson 1976, bls. 169-171

„Bátanaustin voru grafin inn í bakkann með hæfilegu millibili, og voru þau venjulega merkt nafni viðkomandi báts.“¹⁰ Engar verbúðir voru við Leiðarhöfða, menn komu ríðandi, gangandi eða róandi að morgni og héldu heim að kvöldi að loknum dagróðri.¹¹ Árabátaútgerðin við Hornafjörð lagðist að mestu af um 1920 með vaxandi vélbátaútgerð frá Hornafirði.¹²

Samgöngur innan fjarða

Af gömlum ljósmyndum sést að bátalægi voru við Höfðaströnd, austan höfðans (sjá mynd 3). Hér var lending fyrir svonefnda fjarðbáta Nesjabænda (mynd 3). Algengt var að menn sóttu verslunarplássið á bátum, siglandi eftir álum í Skarðs- og Hornafirði frekar en að fara landleiðina út á Hafnartanga, yfir mýrar og keldur sem gátu verið ófærar með öllu.¹³ Fjarðbátar voru grunnskeiðir og léttir og hentuðu vel til flutninga innan fjarða.¹⁴



Mynd 3. Horft til austurs af Leiðarhöfða yfir byggðina á Hafnartanga. Fjarðbátar liggja í flæðarmáli við Höfðavík. Myndina tók Vigfús Sigurgeirsson ljósmyndari árið 1930. Mynd í vörslu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar (HérA-Skaft1990-1-73).

Höfðahúsið

Árið 1906 var fyrsta húsið reist á lóðinni við Leiðarhöfða sem fékk nafnið Höfðahúsið.¹⁵ Það var þriðja íbúðarhúsið sem byggt var í plássinu og það fyrsta utan verslunarlóðarinnar við Hafnarvík. Gunnlaugur Jónsson verslunarmaður frá Seyðisfirði fékk útmælda lóð við höfðann fyrir íbúðar- og verslunarhús. Húsið var einlyft timburhús með háu risi á steiptum kjallara. Að grunnfleti var byggingin upphaflega 56 fm að stærð. Ári síðar byggði hann hesthús og bræðsluskúr á lóðinni.¹⁶ Gunnlaugur hóf verslunarrekstur strax að lokinni byggingu hússins og bjó í íbúð í sama húsi. Verslunin gekk erfiðlega í samkeppni við verslun Tuliniusar í verslunarplássinu sem var þar fyrir. Gunnlaugur seldi Þórarni Tulinius verslunarmanni húsið og verslunina árið 1908, ásamt vörum og flutti til Djúpavogs. Ári síðar eignaðist Þórhallur Daníelsson kaupmaður Höfðahúsið.¹⁷

¹⁰ Gísli Björnsson 1976, bls. 171

¹¹ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 234

¹² Gísli Björnsson 1976, bls. 200

¹³ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 284

¹⁴ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 286

¹⁵ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 90-91

¹⁶ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 91

¹⁷ Björn Gíslason 1976, bls. 237

Sýslusjóður Austur-Skaftafellssýslu keypti Leiðarhöfðahúsið árið 1914 og var það gert að aðsetri héraðslæknis.¹⁸ Sama ár flutti Henrik Erlendsson læknir og kona hans í húsið. Henrik var læknir í Hornafjarðarlæknishéraði tímabilið 1912-1930. Miklar umbætur voru gerðar á húsinu þegar það varð að læknaþettri. Á suðurhlíð þess voru m.a. byggð tvö anddyri og íbúð gerð í kjallara þess.¹⁹

Árin 1932-1939 var barna- og unglingaskóli starfræktur í Höfðahúsinu.²⁰ Óli Kr. Guðbrandsson kennari bjó jafnframt í húsinu frá 1933-1938 en Óli var barnakennari á Höfn frá 1931 og skólastjóri Barnaskóla Hafnar 1935-1948.

Árið 1939 var Höfðahúsið selt Þorvarði Stefánssyni og Jóhönnu Jónsdóttur, þau komu frá Hafnarnesi.²¹ Sama ár var steipt hlaða á lóðinni en fyrir voru fjós úr timbri og járnir fyrir þrjá gripi og fjárhús fyrir 30 fjár.²² Þorvarður og Jóhanna fluttu aftur í Hafnarnes árið 1948.

Verslun Einars Eiríkssonar

Einar Eiríksson frá Hvalnesi í Lóni keypti Leiðarhöfðahúsið af Þorvarði árið 1948 og rak þar verslun í nokkur ár.²³ Um 1950 var efri hæð hússins rifin og því breytt á margvíslegan hátt. Einar lét reisa stóra steinsteipta viðbyggingu norðaustan við húsið og nýtti allt húsið undir fiskisöltun á vetravertíð en sem sláturhús á haustin.²⁴ Auk þess kom Einar sér upp litlu frystihúsi. Austar á lóðinni hafði Einar reist tveggja hæða hús fyrir verslun og vörugeymslu með íbúð á efri hæð.²⁵ Einar rak þar verslun sína með ýmsan varning til ársins 1971 ásamt því að kaupa landbúnaðar- og sjávarafurðir af heimamönnum.

Fiskverkun h/f og Kaupfélag A-Skaftfellinga

Útgerðarfélagin Ólafur Tryggvason h/f og Akurey h/f keyptu allar fiskverkunarbyggingar á Leiðarhöfða árið 1966.²⁶ Auk þess létu fyrirtækin reisa tvö stór stálgrindarhús við húsin sem fyrir voru. Þar starftæktu fyrirtækin Fiskverkun hf, fiskisöltunarstöð til ársins 1970. Það ár keypti Kaupfélag Austur-Skaftfellinga öll mannvirki á lóð Leiðarhöfða, bæði fiskverkunarhús og húsnæði verslunar Einars.²⁷ Um árabíl rak kaupfélagið síldarsöltunarstöð í húsnæði Fiskverkunar á Leiðarhöfða og verbúð í verslunarhúsi Einars.^{28,29}

Leiðarhöfðahúsið sem byggt var 1906 var rífið um miðja 20. öld og öll önnur mannvirki á lóðinni á tíunda áratugnum. Nú eru engar byggingar innan lóðarmarka Leiðarhöfða. Efst á höfðanum eru tvö landmælingamerki, járnör á steiptum undirstöðum. Hafnarhreppur lét hæðarmæla allt þéttbýlið og strandlengjuna árið 1995 og er eitt merkið hluti af því mælikerfi sem notast var við.³⁰ Aldur þeirra er að öðru leiti ekki ljós en merkin teljast ekki til merkja dönsku landmælingamanna sem störfuðu í Hornafirði í byrjun 20. aldar.

¹⁸ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 90

¹⁹ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 91

²⁰ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 91

²¹ Gísli Björnsson 1976, bls. 237

²² Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 91

²³ Gísli Björnsson 1976, bls. 237

²⁴ Gísli Björnsson 1976, bls. 237

²⁵ Arnþór Gunnarsson 2000, bls. 315

²⁶ Gísli Björnsson 1976, bls. 237

²⁷ Gísli Björnsson 1976, bls. 237


²⁸ Arnþór Gunnarsson 2000, bls. 205

²⁹ Arnþór Gunnarsson 2000, bls. 317

³⁰ Vignir Júlíusson 2021, munnleg heimild

Skráning

Niðurstaða skráningar í þessu verkefni er sýnd á myndkorti á mynd 4. Skráningin hlaut verkefnanúmerið **2663** í skráningavefsjá Minjastofnunar og myndar stofn í auðkennisnúmeri hverrar minjar. Samtals voru skráðir 9 minjastaðir samkvæmt heimildum, en minjar eru ekki lengur sjáanlegar.



Mynd 4. Skráðum minjum á lóð við Leiðarhöfða varpað á loftmynd Loftmynda ehf. Svört punktalína afmarkar skráningarsvæðið. Sjá nánar í skráningu hér neðar.

Auðkennisnúmer: 2663:001

Árið 1906 var fyrsta húsið reist á lóðinni við Leiðarhöfða og gekk það undir nafninu Höfðahúsið (sjá mynd 5).³¹ Það var þriðja íbúðarhúsið sem byggt var í plássinu og það fyrsta utan verslunarlóðarinnar við Hafnarvík. Gunnlaugur Jónsson verslunarmaður frá Seyðisfirði fékk útmælda lóð við höfðann fyrir íbúðar- og verslunarhús. Ári síðar byggði hann hesthús og bræðsluskúr á lóðinni.³² Að tveimur árum liðnum seldi Gunnlaugur öll mannvirki á lóðinni til verslunar Tuliniusar, sem Þórhallur Daníelssonar kaupmaður eignaðist síðar. Í eigu Þórhalls varð Höfðahúsið fyrsta sjóbúðin á Höfn.³³ Leiðarhöfðahúsið gegndi margvíslegu hlutverki á þeim tæpum 60 árum sem það stóð á lóð við Leiðarhöfða, m.a. aðsetur héraðslæknis, húsnæði fyrir barna- og unglingakennslu en á síðari árum var húsið hluti af stærri mannvirkjum fyrir ýmsa fiskverkun. Sjálft Höfðahúsið var rífið um miðja tuttugustu öld.

³¹ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 90-91

³² Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 91

³³ Anna Þórhallsdóttir 1972, bls. 143



Mynd 5. Frá Leiðarhöfða. Höfðahúsið til vinstri á mynd tekin af Vigfúsi Sigurgeirssyni ljósmyndara 1939. Húsið byggði Gunnlaugur Jónsson verslunarmaður frá Seyðisfirði 1906 og bjó þar og starfrækti verslun í húsinu til tveggja ára. Höfðahúsið gegndi hlutverki læknisseturs frá 1912-1930 og sem skólabygging 1932-1939. Til hægri sést í fiskgrindur þar sem saltfiskur var sölþurrkaður og stefni báts sem liggur í flæðamálinu. Mynd í vörslu Menningamiðstöðvar Hornafjarðar (HérA-Skaft-1990-2-10).

Staðsetning: A 683446.894 – N 421947.949

Sérheiti: Höfðahúsið

Tegund: heimild

Hlutverk: hóbýli og verslun

Hlutverk annað: læknasetur, skóli, sláturhús

Aldur frá – til: 1906 – 1980

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Höfðahúsið var einlyft timburhús með háu risi á steiptum kjallara (sjá mynd 5).³⁴ Að grunnfleti var byggingin upphaflega 56 fm að stærð en tók töluverðum breytingum í tímans rás. Þegar húsið var gert að aðsetri héraðslæknis Austur-Skaftafellssýslu var byggt við það tvö anddyri að sunnan verðu og útbúin íbúð í kjallara þess.³⁵ Í fasteignamati frá 1918 er því lýst eftirfarandi: „Húsið er allt járnvarið. Í því eru 12 herbergi til íbúðar og annarra nota. [...]. Húsið er vel þurrt og hlýtt, hitað með ofnum og eldavél, lýst með olíulömpum.“³⁶ Um miðja fimmta áratuginn var ekki lengur búið í Höfðahúsinu, enda búið að gera miklar breytingar á því, rífa efri hæðina og setja þak á kjallarann. Þar starfrækti Einar Eiríksson kaupmaður sláturhús.³⁷ Sunnan við húsið var reist steinsteypt viðbygging, þar kom Einar upp frystiklefum og söltunaraðstöðu.³⁸ Á þeim tímapunkti urðu mikil umskipti á allri athafnasemi við Leiðarhöfðann og markaði upphaf umfangsmikillar fiskverkunar sem stunduð var á lóð Leiðarhöfða um áratuga skeið í eigu ýmissa aðila. Búið er að fella og fjarlægja öll mannvirki á lóðinni og ekkert sést til minja (sjá mynd 10b).

³⁴ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 91

³⁵ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 91

³⁶ Fasteignamat 1916-1918, s. 74.

³⁷ Gísli Björnsson 1976, bls. 237

³⁸ Arnþór Gunnarsson 2000, bls. 315

Auðkennisnúmer: 2663:002

Í Sögu Hafnar segir: „Árið 1939 var steipt hlaða á lóðinni en þar voru fyrir fjós úr timbri og járn fyrir þrjá gripi og fjárhús fyrir 30 fjár.“³⁹

Staðsetning: A 683438.367 – N 421941.920

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: útihús

Hlutverk annað: hlaða

Aldur frá – til: 1906 – 1980

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta

Lýsing: Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu útihúsanna né hlöðunnar við Höfðahúsið og engin ummerki sjáanleg á lóðinni sem gefa vísbendingu um staðsetningu þeirra.

Auðkennisnúmer: 2663:003

Á sléttlendi norðvestan í Leiðarhöfða var uppsátur róðrabáta á meðan arabátaútleiga var stundaður frá Hornafirði.⁴⁰ Heimildir eru fyrir 3-4 naustum við höfðann. Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir: „Bátanaustin voru grafin inn í bakkann með hæfilegu millibili, og voru þau venjulega merkt nafni viðkomandi báts.“⁴¹ Engar verbúðir voru þá við Leiðarhöfða, menn komu ríðandi, gangandi eða róandi að morgni og héldu heim að kvöldi að loknum dagróðri.⁴² Arabátaútleiga við Hornafjörð lagðist að mestu af um 1920 með vaxandi vélbátaútleiga frá Hornafirði.⁴³

Staðsetning: A 683426.765 – N 421960.391

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: naust

Aldur frá – til: 1885 – 1920

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta



Mynd 6, a og b. a) Naustin voru grafin inn í bakkann norðvestan í Leiðarhöfða, horft til suðurs á mynd t.v.. b) Horft til norðausturs, engin ummerki eru sjáanleg eftir naustin og ströndin tekið breytingum, m.a. með landfyllingu. Ljós. SGB, MMH 2021.

³⁹ Arnþór Gunnarsson 1997, bls 91

⁴⁰ Gísli Björnsson 1976, bls. 169-171

⁴¹ Gísli Björnsson 1976, bls. 171

⁴² Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 234

⁴³ Gísli Björnsson 1976, bls. 200

Lýsing: Mikil breyting hefur orðið á strandsvæðinu norðan við Leiðarhöfðann á síðustu áratugum, með landfyllingu og íbúðarbyggð. Öll ummerki um naustin eru horfin (sjá myndir 6 a og b).

Auðkennisnúmer: 2663:004

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir um Leiðarhöfðalóðina: „Árið 1966 kaupa útgerðarfélögin Ólafur Tryggvason h/f og Akurey h/f aðstöðuna þarna og byggja til viðbótar tvö stór stálgrindarhús og starfrækja þar fisköltunarstöð undir nafninu Fiskverkun h/f til 1970, en þá kaupir kaupfélagið öll mannvirki tilheyrandi Fiskverkun h/f [...].“⁴⁴

Staðsetning: A 683454.318 – N 421963.703

Sérheiti: Fiskverkun h/f

Tegund: heimild

Hlutverk: fiskverkunarhús

Aldur frá – til: 1966 – 1994

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta



Mynd 7. Fiskverkunarhúsin á Leiðarhöfði. Myndin er úr safni Kaupfélags Austur-Skaftfellinga og tekin eftir að félagið eignaðist öll mannvirkin 1970 á Leiðarhöfði. Mynd í vörslu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar (HérA-Skaft, KASK-E-2-1-869).

Lýsing: Húsin stóðu austan við Höfðahúsið, bárujárnsklædd stálgrindarhús (sjá mynd 7). Öll fiskverkunarmannvirki voru rifin á árunum 1993-1994. Lóðin hefur verið sléttuð og ekkert sést til fyrri mannvirkja.

⁴⁴ Gísli Björnsson 1976, bls. 237

Auðkennisnúmer: 2663:005

Í Höfðavík var þvegin ull. Samkvæmt heimildarmanni var þvottastaður fyrir ullarþvott valinn þar sem klappir voru í flæðarmálinu.⁴⁵

Staðsetning: A 683469.478 – N 421918.697

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: þvottastaður

Aldur frá – til: 1900 – 1970

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: engin hætt

Auðkennisnúmer: 2663:006

Bátalægi eða uppsátur var í Höfðavík við ströndina suðaustan Leiðarhöfða (sjá mynd 8). Hér var lending fyrir svonefnda fjarðbáta, bæði manna í plássinu og Nesja- og Mýrabænda.⁴⁶ Algengt var að bændur sóttu verslunarplássið á bátum, siglandi eftir álum í Skarðs- og Hornafirði. Þar að auki var stundaður heyskapur í eyjum í fjörðunum og bátarnir nýttir til að ferja heyfeng í land.



Mynd 8. Uppsátur báta í Höfðavík 1946. Horft af Leiðarhöfða yfir byggðina í átt að Almannaskarði. Myndina tók Friðrik Hendriksson. (Heimild: HérA-Skaft 1993:11:1).

Staðsetning: A 683474.827 – N 421920.485

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: uppsátur

Aldur frá – til: 1850 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætt

Lýsing: Ekki sést til minja í fjörunni við Höfðaströnd.

⁴⁵ Karl Sigurðsson 2021, munnleg heimild

⁴⁶ Arnþór Gunnarsson 1997, bls. 284

Auðkennisnúmer: 2663:007

Rétt upp af Höfðavíkinni rak Jón Benediktsson skósmiður skóvinnustofu, í litlu húsi sem stóð fremst á klapparbrúninni (sjá mynd 10a).⁴⁷ Jón vann við skóviðgerðir og ýmsar aðrar viðgerðir frá 1970 í tæp 30 ár ásamt konu sinni Halldóru Gísladóttur. Upphaflega tilheyrði húsið verslun Einars Eiríkssonar sem stóð rétt austar á sömu lóð. Upprunalegt hlutverk hússins er ekki ljóst.

Staðsetning: A 683485.992 – N 421926.848

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: verkstæði

Aldur frá – til: 1958 – 1997

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætt

Lýsing: Húsið var rífið 1996-1997.

Auðkennisnúmer: 2663:008

Sunnarlega á lóðinni við svonefnda Höfðatjörn var fiskreitur Sigurðar Ólafssonar útgerðarmanns á Höfn.⁴⁸ Þar var saltfiskur sólþurrkaður á fiskgrindum (sjá mynd 9).

Staðsetning: A 683495.742 – N 421931.840

Sérheiti:

Tegund: heimild

Hlutverk: fiskreitur

Aldur frá – til: 1900 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætt



Mynd 9. Horft af Leiðarhöfða austur yfir byggðina 1939. Fiskgrindur sunnan Höfðatjarnar fyrir miðri mynd, tekin af Sveini Guðnasyni. Mynd í vörslu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar (HéRA-Skaft, 1996:10:45).

Lýsing: Ekki sést til minja.

⁴⁷ Guðný Svavarsdóttir 2021, munnleg heimild

⁴⁸ Gísli Sverrir Árnason 1994, bls. 105

Auðkennisnúmer: 2663:009

Verslun Einars Eiríkssonar kaupmanns stóð austarlega á lóð Leiðarhöfða. Árið 1948 reisti Einar tveggja hæða hús fyrir verslun og vörugeymslu með íbúð á efri hæð (sjá mynd 10a).⁴⁹ Einar rak þar verslun sína með ýmsan varning um árabíl ásamt því að kaupa landbúnaðar- og sjávarafurðir af heimamönnum. Vestan við húsið stóð áfastur skúr, sem nýttur var m.a. fyrir ullarmóttöku og fisksöltun á vetrarvertíð. Árið 1971 keypti Kaupfélag Austur-Skaftfellinga verslunarhús Einars og gerði það að verbúð sem gekk undir nafninu Grænahöllin.⁵⁰

Staðsetning: A 683497.874 – N 421938.768

Sérheiti: Grænahöllin

Tegund: heimild

Hlutverk: híbýli og verslun

Hlutverk annað: verbúð

Aldur frá – til: 1948 – 1994

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætta



Mynd 10 a & b. Leiðarhöfði 1970 (t.v.) og apríl 2021 (t.h.). Myndir í vörslu Menningarmiðstöð Hornafjarðar (HérA-Skaft, KASK-E-2-1-869; SGB 2021).

Lýsing: Húsið var um 130 fm timburhús að grunnfleti ásamt 60 fm áfastri skúrbyggingunni á vesturgafli. Húsin voru rifin 1993-1994 og einu ummerkin eru leifar af steypum grunni verslunarhússins.

⁴⁹ Gísli Björnsson 1976, bls. 237

⁵⁰ Arnþór Gunnarsson 2000, bls. 317

Samantekt og lokaorð

Samtals voru 9 minjastaðir skráðir í þessu verkefni. Í eftirfarandi töflu eru helstir þættir skráningarinnar teknir saman, þ.e. tegund, hlutverk, aldur og hættumat.

Tafla 1. Verkefni 2663, samantekt skráðra minja á lóð við Leiðarhöfða á Höfn í Hornafirði.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta
2663:001	Höfðahúsið	heimild	híbýli	1906-1950	engin hættu
2663:002		heimild	útihús	1906-1950	engin hættu
2663:003		heimild	naust	1885-1920	engin hættu
2663:004	Fiskverkun h/f	heimild	fiskverkun	1960-1997	engin hættu
2663:005	Höfðavík	heimild	þvottastaður	1906-1950	engin hættu
2663:006	Höfðavík	heimild	uppsátur	1900-1960	engin hættu
2663:007		heimild	verkstæði	1958-1997	engin hættu
2663:008		heimild	fiskreitir	1900-1950	engin hættu
2663:009	Verslun Einars Eiríkssonar	heimild	híbýli og verslun	1948-1997	engin hættu

Í þessari skýrslu hefur verið greint frá niðurstöðu minjaskráningar á lóð Leiðarhöfða á Höfn, Sveitarfélaginu Hornafirði. Tilefni skráningar er fyrirhuguð nýting lóðar af hálfu sveitarfélagsins. Innan lóðarinnar eru skráðir níu minjastaðir, allir samkvæmt heimildum því öll ummerki mannvirkja sem staðið hafa á lóðinni eru horfin. Ekki eru allar skráðar minjar í þessu verkefni skilgreindar sem fornleifar samkvæmt aldursákvæðum minjalaga en skráðar hér engu að síður vegna sögu þeirra. Elstu minjar á lóðinni eru frá 1885 eða frá því fyrir upphaf byggðar á Hafnartanga. Bændur í Nesjum lögðu frá og að strönd við Leiðarhöfða og reistu naust fyrir róðrabáta sína í bakkann. Nesjabændur fóru að nota Hornafjarðarós í meira mæli eftir að verslunarskip verslunar Tuliníusar sigldu um ósinn, allt fram að vélbátaútgerðin tók við um 1920. Þriðja elsta íbúðarhúsið á Höfn, Höfðahúsið var reist á Leiðarhöfðalóð árið 1906. Húsið á fjölbreytta og merkilega sögu enda þjónaði það ýmsum hlutverkum. Það var rífið með öllu um 1950. Með vaxandi umsvifum á Hafnartanga í kjölfar þess að verslun var stofnuð við Hafnarvík sóttu bændur úr nærsveitum frekar „plássid“ á bátum, svonefndum fjarðbátum, frekar en að nota landleiðina. Þeir lögðu bátum sínum að landi við Höfðavík, suðaustan við Leiðarhöfðann.

Minjastaðir ættu ekki að vera í hættu vegna fyrirhugaðra áforma á lóðinni en saga staðarins má gjarnan verða almenningi aðgengileg í framtíðinni með upplýsingagjöf innan lóðarmarka.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir:

Anna Þórhallssdóttir (1972). *Brautryðjendur á Höfn í Hornafirði. Þórhallur Daníelsson kaupmaður og útgerðarmaður og Ingibjörg Friðgeirsdóttir kona hans*. Reykjavík: útgefandi óþekktur.

Arnpór Gunnarsson (1997). *Saga Hafnar í Hornafirði, fyrri bindi, aðdragandi búsetu og frumbýlisár*. Hornafirði: Hornafjarðarbær.

Arnpór Gunnarsson (2000). *Saga Hafnar í Hornafirði, Síðara bindi, 1940-1975*. Hornafirði: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Bergur Jónsson (1997). Bjarnaness- og Hoffellssóknir 1873. Í Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson (sáu um útgáfu), *Sýslu og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873* (bls. 73-103). Reykjavík: Sögufélag.

Fasteignamat 1916-1918. Sótt á vef Landsbókasafn Íslands 10.05.2021 á slóð
<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916%20-%201918%20-%20Undirmat;%20Skaftafellss%C3%BDsla-austur/?page=77>

Gísli Björnsson (1976). Höfn. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, III.bindi (bls. 163-325). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Gísli Sverrir Árnason (1994). *Þó hver einn megni smátt. Saga Atvinnufélags Hafnarverkalýðs á Hornafirði 1929-1942*. Hornafirði: Verkalýðsfélagið Jökull.

Landmælingar Íslands (2021). *Söguleg gögn*. Sótt 24.04.2021 á
<https://www.lmi.is/is/landupplýsingar/soguleg-gogn/>

Loftmyndir ehf (2012). *Loftmyndagrunnur*. GeoTiff-lágflugsmýnd, Hofn2012_4.

Munnlegar heimildir:

Guðný Svavarsdóttir, Höfn. Símtal 12.05. 2021.

Karl Sigurðsson, Höfn. Samtal 11.05.2021.

Vignir Júlíusson, Höfn. Samtal 17.05.2021.